

**Nd.**

**321. Frumvarp til laga**

[151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Flm.: Matthías Á. Matthiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson,  
Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi eftirtaldar landspildur úr Garðatorfunni fornu:

1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalínu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofanefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.
3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Vífilsstaðavegi, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunsholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Vífilsstaðavegi.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Sveitarstjóri Garðahrepps hefur með bréfi, dags. 3/12 '64, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landspildum úr Garðatorfunni fornu verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf hreppsins fyrir kaup á landinu.

### Fylgiskjal.

#### SVEITARSTJÓRINN Í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 3. des. 1964.

Á fundi hreppsnefndar Garðahrepps þann 29. október s. l. var samþykkt að fela sveitarstjóra að hlutast til um það, að Garðahreppur fái keyptar nokkrar landspildur úr Garðatorfunni fornu. Spildur þessar eru sýndar á meðfylgjandi korti og mörkum þeirra lýst í frumvarpinu.

Á undanförnum árum hefur þéttbýli aukizt mjög í Garðahreppi og hverfi hafa verið skipulögð á landspildum þeim, sem um ræðir í frumvarpinu.

Rétt þykir að taka fram eftirfarandi um hinar einstöku spildur:

1. Spildan við Arnarnesvog, erfðafestulönd bænda í Garðahverfi:

Hér er um að ræða ræktunarlönd, sem verða dýrmæt siðar, hvort sem svæðið verður tekið til bygginga eða það verður „opið svæði“. Það er óskipulagt nú og ekki ætlunin að ákveða nýtingu þess fyrr en eftir nokkur ár. Æskilegt er, að hreppurinn fái eignarrétt á þessu svæði og ekki verði endurnýjaðir erfðafestusamningar, ef ábúendaskipti verða á jörðum þeim, sem þessar spildur heyra undir.

2. Ræktunarland Hafnarfjarðar norðan Hraunsholtslækjar:

Hafnarfjarðarbær afsalaði til Garðahrepps á s. l. ári rétti sínum til þessa svæðis, en hafði áður framleigt einstök lönd og lóðir til ýmissa aðila.

Svæðið er skipulagt, en að litlu leyti byggt. Hreppurinn hefur lagt þar í mikinn kostnað við gatnagerð, vatns- og frárennslislagnir. Er því æskilegt, að svæði þetta byggist, en þar sem hreppurinn hefur ekki ráðstöfunarrétt á lóðunum, getur það ekki orðið.

Þá eru sumir samningar þar eldri en skipulagið og því ekki í samræmi við lóðaskiptinguna.

3. Lyngholt:

Garðahreppur keypti ábúðarréttinn þar árið 1962 og fékk samning við Jarðeignadeild um landið. Nokkrar spildur höfðu þó verið leigðar áður einstökum mönnum.

Á þessu svæði er ákveðið skipulag fyrir iðnaðarhverfi.

4. Ræktunarland Hafnarfjarðar á Hraunsholti:

Um það gildir sama og sagt er í lið 2 hér að framan.

5. Spilda úr landi Dysja vestari:

Hér er um að ræða svonefndan Engidal. Þar er tilvalinn staður fyrir útivistarsvæði og því æskilegt, að hreppurinn fái eignarrétt á staðnum.

Engidalur er nú aðeins nýttur fyrir hrossabeit.

6. Valgarður og Minkagerði.

Garðahreppur hefur keypt ábúðarréttinn að þeim löndum, og er þar skipulagt svæði fyrir 130 íbúðarhús, auk skólalóðar og „opins svæðis“.

7. Hagakot — Vífilsstaðir:

Þar hefur verið skipulagt einbýlishúshverfi með um 160 lóðum. Vegna legu landsins er það mjög æskilegt undir byggingar. Yrði þar um eðlilegt framhald að ræða á þeirri byggð, sem þegar er risin við Vífilsstaðaveg, og æskilegt, að þetta verði næsta svæði, sem gert verði byggingarhæft hér í hreppnum.

Austurmörk þessa svæðis eru miðuð við fyrirhugaðan Suðurnesjaveg. Lega hans er ekki endanlega ákveðin, en þó er talið víst, að hann muni liggja þar, sem sýnt er á kortinu. Við þennan veg munu takmörk byggðarinnar til austurs verða.

Vífilsstaðir munu halda skýrt afmörkuðu svæði, austan vegarins, fyrir sig.

Af því, sem að framan er sagt, er augljóst, hver nauðsyn er fyrir Garðahrepp á að fá full umráð yfir þessum spildum. Til þess að svæði verði byggð upp á skynsamlegan hátt, er nauðsynlegt, að allur undirbúningur sé í höndum eins og sama aðilans, þ. e. sveitarstjórnarinnar. Á það ekki sízt við um skipulag svæðisins, sem verður mun erfiðara, ef rétt hafar að landinu eru margir.

Að lokum skal þess getið, að rætt hefur verið við landbúnaðarráðherra, Ingólf Jónsson, og dóms- og kirkjumálaráðherra, Jóhann Hafstein, um þetta mál, og hafa þeir lýst sig fylgjandi því, að frumvarp þetta verði flutt.

Virðingarfyllt,

Sveitarstjórinn í Garðahreppi,

Ólafur G. Einarsson.